

# SORPHIRÐA Í RANGÁRÞINGI EYSTRA

BREYTT FYRIRKOMULAG Á GÁMAVELLI Á HVOLSVELLI



Sveitarstjórn Rangárþings eystra vill koma á framfæri þökkum til íbúa fyrir góða þátttöku í flokkun heimilissorps. Einnig þakkar sveitarstjórn fyrir tillitsemi og þolinmæði við þær breytingar sem orðið hafa við sorphirðuna enda er óhjákvæmilegt að nýtt fyrirkomulag hafi einhver óþægindi í för með sér fyrir þjónustuþega á meðan að reynsla kemst á losunarpörfina og regla kemst á.

Rangárþing eystra er aðili að Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. sem er byggðasamlag sem nær yfir öll sveitarfélög í Rangárvallasýslu. Sorpstöðin, sem starfað hefur frá árinu 1993, annast alla meðhöndlun og förgun úrgangs í umboði sveitarfélaganna þriggja sem nú eiga aðild að stöðinni.

Í maí 2019 ákvað Sorpstöð Rangárvallasýslu að taka skref í átt að umhverfisvænna samfélagi með því að auka flokkun frá heimlinum í Rangárvallasýslu og draga þannig úr sorpmagni sem fer til urðunar. Bætt var við brúna ílátinu sem flestir eru farnir að kannast við en ílátíð er staðsett ofan í einni af hinum flokkunartunnunum og í það fer lífrænn úrgangur. Íbúum gefst þá kostur á að flokka pappír og pappa í bláu tunnuna, plastumbúðir í grænu tunnuna og lífrænan úrgang í brúna ílátíð. Óendurvinnanlegur úrgangur fer svo í gráu tunnuna.

Losunartíðni á tunnunum breyttist í kjölfarið og kemur sorpbillinn á hvert heimili á tveggja vikna fresti. Þá er losuð í hvert skipti ein af stóru tunnunum og ávalt brúna ílátíð. Stóru tunnurnar eru því hver fyrir sig tæmdar á sex vikna fresti.

Mikilvægt hefur reynst að flokka vel í tunnurnar svo þær yfirfyllist ekki og allt gangi upp.

Við breytingarnar jókst endurvinnsla frá heimilum í Rangárþingi til muna og mun halda því áfram með bættri umhverfisvitund. Innihald úr tunnunum fer á móttökustöðina Strönd þar sem það er sent til endurvinnslu á viðeigandi staði. Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar illa til endurvinnslu og því á ávalt að skola umbúðir vel. Lífræni eldhús-úrgangurinn í brúna ílátinu er nýttur til jarðgerðar, þ.e.a.s. búin verður til molta sem er næringarríkur jarðvegsbætir sem t.d. nýtist vel til landgræðslu og í skógrækt. Eingöngu má setja lífrænan úrgang í maíspokum í brúna ílátíð.

Það er til mikils að vinna að flokka og minnka magn þess úrgangs sem fer í urðun og draga þannig úr kostnaði og spara auðlindir, umhverfinu og íbúum til hagsbóta.

# GÁMAVELLIR OG GRENNDARSTÖÐVAR

Til að hafa aðgang að losun úrgangs greiðari fyrir heimilin eru grenndarstöðvar víða um Rangárvallasýslu en þær má finna á Landvegamótum, Hellu og á Hvolsvelli.

Grenndarstöðvar taka á móti öllu almennu heimilissorpi eða pappa, plasti, lífrænu- og almennu sorpi, gleri og málmum.

Þegar sorpeyðingargjald óflokkaðs sorps hækkaði um árið 2010 var brugðist við með því að fækka gámasvæðum í sveitarfélaginu. Sumum var breytt í grenndarstöðvar en öðrum lokað. Á þeim tímupunkti var tekin sú ákvörðun að loka ekki gámasvæðinu á Hvolsvelli og hafa þar til reynslu flokkunar gámasvæði. Reynslan hefur þó sýnt fram á það að flokkun gengur ekki sem skyldi. Það er afar kostnaðarsamt að halda úti vöktuðu svæði og ef að halda ætti áfram með gámasvæðið á Hvolsvelli þyrfti að auka þar vöktun með tilheyrandi kostnaði. Miðað við þann kostnað sem nú þegar hlýst af gámasvæðinu á Hvolsvelli þá er það fyrirsjáanlegt að hækka þyrfti verulega álögur á íbúana til að standa undir þeirri breytingu.

**Því hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra að breyta gámavellinum í grenndarstöð og beina íbúum og gestum að Sorpstöðinni Strönd með allan annan úrgang en umfram heimilissorp.**

## BÓKUN SVEITARSTJÓRNAR ER SVOHLJÓÐANDI:

Á vordögum 2019 óskaði stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu eftir afstöðu allra aðildarsveitarfélaga um hvernig þjónustu við gámasvæði verði háttað til framtíðar. Unnið hefur verið að málinu og liggja nú fyrir upplýsingar um kostnað.

Hallarekstur vegna sorpmála í Rangárþingi eystra árið 2018 var um 30.000.000 kr og útlit fyrir svipað árið 2019. Stór hluti þess hallareksturs kemur til vegna kostnaðar við gámasvæði á Hvolsvelli. Fyrirsjáanlegt er, vegna lélegrar flokkunar að hækkanun urðunarkostnaðar rangt flokkaðs sorps af gámasvæðinu verði rúmar 6.000.000 kr árið 2020 að öllu óbreyttu. Erfiðlega hefur gengið að fá notendur til að flokka rétt í gámana og veldur það gríðarlegum kostnaði við rekstur svæðisins þar sem að stór hluti þess úrgangs fer til urðunar en ekki til endurvinnslu sem er bæði mun ódýrari og umhverfisvænni kostur. Einnig hefur borið talsvert á því að atvinnurekendur hafa verið að nýta gámaöllinn.

Á grundvelli þessa viðvarandi háa kostnaðar auk umhverfissjónarmiða samþykkir sveitarstjórn að breyta þjónustustigi á gámasvæðinu á Hvolsvelli í svo kallaða grenndarstöð, þar sem verður tekið við heimilissorpi, pappa, plasti, gleri og áli líkt og á öðrum grenndarstöðvum innan svæðis Sorpstöðvar Rangárvallasýslu. Móttaka á öðrum úrgangi sem og úrgangi atvinnurekenda mun eftir sem áður fara fram á Strönd. Mikilvægt er að opnunartími og þjónusta á Strönd verði bætt til muna samhliða þessari breytingu.

Samþykkt samhljóða.



**Grenndarstöð**  
Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Hér er tekið við eftirfarandi úrgangi frá heimilum og sumarhúsum:



**Almennur heimilisúrgangur**

Household Waste



**Plast**

Plastic Packaging



**Pappír og pappi**

Mixed Paper



**Lífrænn úrgangur**

Organic household Waste



**Glerilát**

Glass



**Málmar**

Scrap Metals

**Mikilvægt er að flokka rétt í ílátin**

Annar úrgang, s.s. timbur, grófan úrgang, spilliefni, stærri málmhluti og raftæki skal fara með á móttökustöðina á Strönd.



Athugið að svæðið er vaktað með myndavélum.

## Opnunartími á Strönd

	april - september	október - mars
Mánudaga	kl. 13:30 -18:00	kl. 13:30 -17:00
Þriðjudaga	kl. 13:30 -18:00	kl. 13:30 -17:00
Miðvikudaga	kl. 13:30 -18:00	kl. 13:30 -17:00
Fimmtudaga	kl. 13:30 -18:00	kl. 13:30 -17:00
Föstudaga	kl. 13:30 -18:00	kl. 13:30 -16:00
Laugardaga	kl. 10:00 -16:00	kl. 11:00 -15:00

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs, Strönd, 851 Hella, s: 487-5157, strond@rang.is

Eins og fram kemur í bókun sveitarstjórnar hefur gáma-völlurinn verið rekinn með miklum halla undanfarin ár sem meðal annars kemur út í sorphirðugjöldum einstaklinga. Með breyttu fyrirkomulagi er hægt að draga úr kostnaði og koma í veg fyrir verulegar hækkunir á sorphirðugjöldum heimilanna, auk þess að umhverfið nýtur góðs af með minnkun á því sorpi sem fer til urðunar.